

2006060086

3714; 9310

Vegagerðin  
Auðunn Hálfðánarson, deildarstjóri hönnunardeildar  
Borgarbraut 66  
310 BORGARNES

Reykjavík, 11. september 2006

/--

**Efni: Endurbygging Útnesvegur frá Háahrauni að Saxhóli í Snæfellsbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis VSÓ ráðgjafar dags. 18. júlí 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging Útnesvegur frá Háahrauni að Saxhóli í Snæfellsbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 28. ágúst 2006, Ferðamálastofu með bréfi dags. 20. ágúst 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 23. ágúst 2006, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 8. ágúst 2006 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 4. ágúst og 8. september 2006. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ ráðgjöf með bréfum dags. 18. og 31. ágúst 2006.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða endurbyggingu Útnesvegur á um 17 km kafla um þjóðgarðinn við Snæfellsjökul með litlum breytingum á veglínu en nokkrum breytingum á hæðarlegu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að endurbæta veginn og að auka umferðaröryggi. Samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar mun veglínán fylgja núverandi vegi nema á tveimur köflum, þ.e. á 300 m kafla milli stöðva 6.750 – 7.050, þar sem mjög kröpp beygja verður lagfærð og vegur færður mest um 30 m og á 600 m kafla milli stöðva 14.100 – 14.700, þar sem önnur kröpp beygja verður tekin af og vegurinn færður mest um 65 m. Gert er ráð fyrir að komið verði fyrir átta ræsum undir veginum. Fram kemur að vegurinn verði um 6,5 m breiður skv. vegflokki C2 og með bundnu slitlagi. Almennt verði miðað við hönnunarhraða 90 km/klst. en þó verði á vegköflum um Purkhóla (stöð 3.000 – 6.000) og frá Djúpalónssandi (stöð 6.500 – 7.000) miðað við lægri hönnunarhraða, þ.e. um 70 – 80 km/klst, þar sem ekki sé hægt að fylgja 90

km/klst hönnunarhraða án þess að valda talsverðu raski á nánasta umhverfi. Fram kemur að með þessari framkvæmd sé lokið við að endurbyggja Útnesveg þar sem sitt hvoru megin við fyrirhugaðan vegkafla sé Útnesvegur lagður bundnu slitlagi og byggður skv. vegtegund C2. Áningastaðir og útskot verða staðsett í samræmi við ábendingar Þjóðgaðrsvarðar. Fram kemur að til að draga úr slysaþættu sé þörf á 5-6 m breiðum öryggissvæðum út frá vegöxl og teljist þannig vegfláar, með halla 1:3 eða flatari, til öryggissvæða. Búast megi við að í flestum tilvikum þurfi ekki að grípa til aðgerða til jöfnunar svæða utan skeringarbotns eða fláafótar en reynist þess þörf verði þess gætt að þær hafi sem minnst rask í för með sér, t.d. með því að fylla í gjótur og brjóta niður nibbur sem standi uppúr. Á þann hátt verði dregið verulega úr raski á hrauni og gróðri.

Fram kemur að áætluð efnispörf sé um 215.000 m<sup>3</sup> og þar af komi um 91,500 m<sup>3</sup> úr 5 námum sem staðsettar séu í ár- og lækjarfarvegum og í einu tilfelli í fornum fjörुकambi en úr skeringum fáist um 123.000 m<sup>3</sup>. Samráð verði haft við Umhverfisstofnun og Þjóðgarðsvörð um frágang efnistökusvæða og vegstæðis að framkvæmdum loknum.

**Áhrif á umferðaröryggi.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd muni auka talsvert umferðaröryggi á svæðinu þar sem lagfærðar verði tvær krappar beygjur, vegur breikkaður og hækkaður, hæðarlega lagfærð og lagt bundið slitlag.

**Áhrif á landslag og jarðmyndanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á landslag því vegurinn muni liggja á tveimur stöðum um nær óraskað land jafnframt því sem efnistaka muni hafa áhrif á landslag. Ásýnd svæðisins breytist lítilega þar sem nýr vegur liggur hærra í landi en sá gamli. Fyrirhugaður vegur mun að hluta til liggja um eldhraun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga. Fram kemur að áætlað rask vegna uppbyggingar vegarins, þegar tekið hafi verið tillit til nýrrar veglínu, breikkun vegarins, skeringa og fyllinga sé talið verða 12 til 14 ha. Víða er raskið á þegar hreyfðum svæðum, þ.e.a.s. svæðum sem hafi verið ýtt upp úr í núverandi veg.

**Áhrif á gróður og fugla.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að skerða gróðurlendi einkum á þei köflum þar sem nýtt vegstæði víki frá núverandi vegi og sé áætluð heildarröskun á gróðri um 5 ha. Meðal sjaldgæfra tegunda sem vaxi á svæðinu séu skrautpundur sem sé á valista og ferlaufungur sem sé friðlýst tegund. Gerð verði gróðuriúttekt í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands á því hvort ferlaufungur vaxi á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, sérstaklega á þeim svæðum sem veglínan víki frá núverandi veglínu. Ekki sé talið að fuglar sem eru sjaldgæfir á landsvísu verpi á framkvæmdarsvæðinu.

**Áhrif á ferðamennsku.** Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að mikill og vaxandi straumur ferðamanna fari um veginn umhverfis Snæfellsjökul vegna Þjóðgarðsins. Með því að byggja útskot og áningarstaði, auka umferðaröryggi og koma í veg fyrir rykmyndun muni áhrif framkvæmda verða jákvæð á ferðamennsku og útivist.

**Áhrif á menningarminjar.** Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að í nágrenni vegstæðisins sé nokkuð af fornminjum og eyðibýlum en ekkert þeirra sé staðsett á áhrifasvæði framkvæmdanna, að undanskilinni vörðu sem sé staðsett nærri stöð 7.000. Varðan verði girt af til þess að tryggja að hún verði ekki fyrir raski á meðan á framkvæmdum stendur.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Snæfellsbæjar, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram það álit að endurbygging Útnesveggar skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að ekki sé líklegt að vegagerð í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér svo fremi sem vel verði staðið að framkvæmdinni og frágangi að henni lokinni.

**Áhrif á landslag og jarðmyndanir.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með því að fylgja núverandi vegi og draga úr skeringum eins og kostur er hafi tekist að draga verulega úr áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og jarðmyndanir.

**Áhrif á gróður og fugla.** Umhverfisstofnun telur að haga þurfi framkvæmdum þannig að þær raski hvorki vaxtarstöðum friðlýstra plantna né plantna sem séu á valista ef það komi í ljós við gróðurúttekt að þær tegundir vaxi á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að vettvangsferð 30. ágúst 2006 hafi leitt í ljós að hvorki hafi verið að finna ferlaufung né skrautpönt innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis vegarins.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að miðað við upplýsingar úr vettvangsferð telji stofnunin ekki ástæðu til að ætla að fyrirhugaðar framkvæmdir muni raska búsvæði ferlaufungs eða skrautpunts.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar og um áhrif framkvæmdarinnar á þær að því gefnu að varða nærri stöð 7000 verði girt af á meðan á framkvæmdum stendur.

**Hönnunarhraði.** Umhverfisstofnun bendir á að í því tilfelli sem hér um ræðir hafi stofnunin litið þannig á að vegur skv. vegflokk C2 falli best að legu þess vegar sem fyrir sé í Þjóðgarðinum. Þetta álit stofnunarinnar um 90 km/klst hönnunarhraða vegarins bindi ekki hendur stjórnar Þjóðgarðsins að neinu leyti varðandi hámarkshraða á Útnesvegi innan Þjóðgarðs. Jafnframt bendir stofnunin á að hönnun Útnesveggar innan Þjóðgarðs skv. vegflokk C2 hafi ekki fordæmisgildi varðandi aðrar framkvæmdir á friðlýstum svæðum, enda nauðsynlegt að taka tillit til aðstæðna á hverju svæði fyrir sig.

**Frágangur - Samráð.** Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að frágangur verði með þeim hætti að gengið verði frá skeringum með sambærilegum hætti og gert hafi verið við vegagerð um Hnausa- og Klifhraun. Móta skuli skeringarfláa og brúnir þannig að þær falli sem best að öröskuðu hrauni. Frágangur náma í framburðarkeilum skuli miðast við að þar safnist aftur fyrir efni án þess að hætta verði á vatnsrofi utan námanna. Þá verði land utan fláafótar sléttað fyrir öryggissvæði og öll slík svæði verði hluti fláa. Ekki verði sáð grasfræi í fláa eða skeringar þar sem vegurinn liggur um hraun. Á öðrum svæðum verði einungis sáð, í samráði við Þjóðgarðsvörð, þeim tegundum sem fyrir séu eða einæru rýgresi auk áburðar. Þá er bent á að fjarlægja þurfi og ganga frá þeim vegsvæðum sem leggist af við framkvæmdirnar. Fram kemur að við undirbúning framkvæmdarinnar hafi Vegagerðin haft náið samráð við Umhverfisstofnun og Þjóðgarðsvörð og sé nauðsynlegt að samstarf verði áfram við Umhverfisstofnun um gerð útboðsgagna og áætlun um efnistöku og frágang. Jafnframt sé nauðsynlegt að fulltrúi stofnunarinnar hafi eftirlit með framkvæmdum.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið undir ábendingar Umhverfisstofnunar um frágang og samráð.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu Útnesvegjar á um 17 km kafla um þjóðgarðinn við Snæfellsjökul í Snæfellsbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhuguð framkvæmd innan þjóðgarðsins við Snæfellsjökul felst að stórum hluta í endurbyggingu núverandi vegar og að vegurinn verður byggður skv. vegflokki C2 með hönnunarhraða 70-90 km/klst. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að hönnun vegarins innan þjóðgarðsins skv. vegflokki C2 og hönnunarhraði sé ekki fordæmisgefandi fyrir veglagningu innan friðlýstra svæða þar sem taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni. Umfang fyrirhugaðs vegar verður talsvert meira en núverandi vegar vegna skeringa og fyllinga sem hefur í för með sér rask á ósnortnum svæðum utan núverandi vegsvæðis og þó einkum á tveimur, alls tæplega 1000 m löngum köflum þar sem fyrirhugaður vegur viku þó nokkuð frá núverandi vegstæði. Þá mun óhjákvæmilega verða rask á fyrirhuguðum efnistökusvæðum en í öllum tilfellum hefur efni verið tekið af svæðunum áður í mismiklu magni. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á öröskuð hraunasvæði verði ekki veruleg en að nokkur ásýndarbreyting verði á svæðinu með tilkomu umfangsmeiri vegar með bundnu slitlagi. Stofnunin leggur áherslu á að öllu raski, þar sem vegur liggur um hraunasvæði, verði haldið í lágmarki. Nokkuð rask verður á gróðri en stofnunin telur að áhrifin verði ekki veruleg, m.a. þar sem fyrir liggur að framkvæmdirnar muni ekki raska friðlýstum tegundum eða tegundum á valista. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að um er að ræða framkvæmdir innan þjóðgarðs og tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um nauðsyn samráðs við stofnunina og þjóðgarðsvörð við gerð útboðsgagna, áætlun um efnistöku og allan frágang. Skipulagsstofnun tekur jafnframt undir umsögn Umhverfisstofnunar þess efnis að ákvörðun um skiltaðan hámarkshraða á veginum verði tekin í samráði við stjórn þjóðgarðsins. Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarminjar verði ekki veruleg verði fylgt tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um að varða í næsta nágrenni vegsvæðis verði girt af.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Útnesvegjar í Snæfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leyfi Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd. Þá þarf Vegagerðin að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna staðsetningu starfsmannabúða sbr. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skv. reglugerð nr. 785/1999.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 13. október 2006.

Póroddur F. Póroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Snæfellsbær, Ferðamálastofa Valur Þór Hilmarsson, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Umhverfisstofnun og VSÓ ráðgjöf Inga Dagmar Karlsdóttir.